

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 16/1959. **Lúðvíg Eggertsson** (Haukur Jónsson hdl.)

gegn

Ingolf Petersen

og

Sælgætisgerðinni Fríðu (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Héraðsdómur í vixilmáli ásamt fjárnámsgerð staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Dórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur framkvæmt fjárnámsgerð þá, sem áfrýjað er.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hálfu, og er þeim þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og áðurgreinda fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum verður stefndu dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, greiði áfrýjanda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 2.500,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. maí sl., af Lúðvíg Eggertssyni kaupmanni, Hverfisgötu 32, Reykjavík, gegn Ingolf Petersen, Ingólfsstræti 13, og gegn Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu í Reykjavík til greiðslu víxils, að fjárhæð 12.870,00 krónur, út gefins 1/5 1958 af stefnda Ingolf og samþykkt af stefnda Ingolf f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 15. maí 1958, en á víxli þessum, er var afsagður sökum greiðslufalls 17/5 1958, er stefndi Ingolf ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 12.870,00, með 7% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 147,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, án þess að hreyft hafi verið andmælum gegn kröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.700,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 12.870,00 með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1958 til greiðsludags, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 147,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 1.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 24. október 1958.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Haukur Jónsson hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 12.870,00, með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1958 til greiðsludags, kr. 42,00 í þóknun, kr. 147,00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 64,00 fyrir endurrit og birtingu, kr. 1.700,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnám og uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og kveðst ekki greiða, en vísar á eignarhluta sinn í húsinu nr. 20 við Háteigsveg til fjárnáms.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndri húseign til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir gerðarþola.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 6/1959. **Ingolf Petersen**
og
Sælgætisgerðin Friða
gegn
Lúðvíg Eggertssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Friða, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til rikissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau in solidum stefnda, Lúðvíg Eggertssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 7/1959. **Ingolf Petersen**
og
Sælgætisgerðin Friða
gegn
Lúðvíg Eggertssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Friða, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivist-